

FIG.2



Ársskýrsla 2018



EINKA
LEYFA
STOFAN
ICELANDIC
PATENT
OFFICE

Ársskýrsla Einkaleyfastofunnar 2018

Júní 2018

Umbrot og hönnun: Nielsen hönnunarstofa, Nielsen.is

Ljósmyndir: Shutterstock o.fl.

Ábyrgðarmaður: Borghildur Erlingsdóttir

Umsjón: Jón Gunnarsson



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4	Stefnumótunarvinna	33
Einkaleyfastofan verður að Hugverkastofunni	6	Framadagar	35
Af hverju að breyta um nafn?.....	8	UTmessan	36
Algengar spurningar	8	Málþing um einkaleyfi í jarðvarma.....	37
Starfsemi og hlutverk	4	Námskeið um alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja – Madridnámskeið.....	38
Svið Einkaleyfastofunnar	12	Ísland í 23. sæti nýsköpunarmælikvarða GII.....	39
Hugverkasvið	12	Nýsköpunarkeppni Grunnskólanna	40
Rekstrarsvið.....	12	European Inventor Award 2018.....	41
Faggildingarsvið	13	Startup Reykjavík.....	41
Gæðavottun og gæðakerfi.....	13	Gulleggið	44
Stefna Einkaleyfastofunnar 2018 – 2021.....	14	Fyrirmyndarstofnun ársins 2018	45
Hugverk og hugverkaréttindi.....	18	Metfjöldi einkaleyfaumsókna hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.....	46
Hversu mikil áhrif hafði salan á Cristiano Ronaldo á vörumerki Real Madrid?	19	Ásýnd í fjölmiðlum.....	47
Hakuna Matata – hve þau orð eru sönn!.....	21	Aukning í fjölda einkaleyfaumsókna	48
Umdeild höfundaréttartilskipun Evrópuþingsins	23	Faggilding	49
Sterkt vörumerki verður til – hvað ber að hafa í huga ?	25	Samstarf.....	51
Tollastríð BNA og Kína: Hvað er málið með hugverk?	28	Innlent samstarf.....	52
Árið 2018.....	30	Erlent samstarf	53
Tölfræði 2018	31	Mannauður og rekstur	54
Markmið og málsmeðferð	33	Lykiltölur úr rekstri 2018	55
		Starfsfólk Einkaleyfastofunnar	56

Ávarp forstjóra

Einkaleyfastofan stendur nú á tímamótum. Þann 1. júlí næstkomandi mun stofnunin breyta um heiti og taka upp nafnið Hugverkastofan. Nú hefst nýr kafli í sögu stofnunarinnar á 28. afmælisdegi hennar. Á þessum rúmlega aldarfjórðungi sem er liðinn frá því stofnunin tók til starfa, þann 1. júlí 1991, hefur íslenskur iðnaður, viðskiptalíf og samfélag tekið stórkostlegum breytingum. Við höfum þróast í takt við þessar breytingar og vaxið og dafnað á sama tíma og mikilvægi hugvits, hugverka og hugverkaréttinda hefur aukist ár frá ári. Þess vegna eru starfsemi og verðmæti fyrirtækja að mestu undir óáþreifanlegum verðmætum komin í dag. Starfsemi Einkaleyfastofunnar þarf að laga sig að síbreytilegu umhverfi enda er verndun hugverka undirstaða þess að skapa og halda utan um verðmæti nútímafyrirtækja.

Það er viðeigandi að í takt við þróun samfélagsins og mikilvægi hugverka í atvinnulífinu að stofnunin taki upp nýtt heiti sem gefur skýrari mynd af verkefnum hennar og heildstæðari sýn á vernd hugverka sem gerir okkur betur kleift að ná til og fræða aðila um mikilvægi þessa málaflokks.

Stofnanir sem fara með vernd hugverkaréttinda hafa verið taldar gegna mikilvægu hlutverki í gegnum tíðina enda er verndun hugverka drifkraftur framfara og undirstaða þess að skapa og halda utan um verðmæti fyrirtækja. Það má meðal annars lesa úr tilvitnununum merkra manna

eins og Abraham Lincoln sem taldi þær leika lykilhlutverk í því að hvetja til nýsköpunar og framfara. Þá lét rithöfundurinn margfrægi, Mark Twain, hafa eftir sér að land án einkaleyfa væri eins og krabbi því það gæti aðeins farið til hliðar eða aftur á bak.

Þetta síðasta ár Einkaleyfastofunnar hefur verið viðburðaríkt og ég er ákaflega stolt af nýrri og framsækinni stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2018–2022, en vinnu við hana lauk á árinu. Nýja stefnan leggur áherslu á að stofnunin verði framsækin þjónustustofnun og miðstöð hugverkaréttinda hér á landi og sterkur hlekkur í keðju nýsköpunar. Nafnbreytingin er einnig hluti af stefnu okkar sem og hugverkastefnu fyrir Ísland sem var gefin út árið 2016. Nýja stefnan leggur einnig áherslu á bætt tengsl við hagsmunaaðila og samfélagið í heild þar sem þjónustuleiðir verða þróaðar með nýjustu tækni og þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Stórt skref verður stigið í þeim efnum með nýrri heimasíðu sem tekin verður í notkun samhliða nafnbreytingunni. Það er þó einungis fyrsti áfangi í þjónustu nýrrar heimasíðu þar sem stefnt er að því að hægt verði að sækja um alla þjónustu rafrænt hjá okkur fyrir 2021. Við munum einnig gera átak í að gera stofnunina að enn eftirsóknarverðari vinnustað og að starfsemi okkar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Hægt er að lesa stefnuna í heild sinni á næstu blaðsíðum.

Í nýlegri skýrslu um einkaleyfi á sviði jarðvarma kom fram að íslensk fyrirtæki áttu ekki einkaleyfi tengd jarðvarma hér á landi. Á sama tíma hefur fjöldi einkaleyfa á þessu sviði aukist um heim allan, þar á meðal vegna starfsemi á Íslandi. Í febrúar skipulögðum við því málstofu, í samvinnu við fleiri aðila, um þessa stöðu og hvað hægt væri að gera betur til að halda utan um hugverkin sem myndast í jarðvarmageiranum hér á landi. Það var því sérstaklega ánægjulegt að sjá að fjöldi einkaleyfaumsókna jókst þegar leið á árið sem er vonandi merki um aukna vitund á mikilvægi einkaleyfa og hugverkaréttinda almennt. Eitt af markmiðum nýrrar stefnu okkar er einmitt að vera í fararbroddi umræðunnar um hugverkaréttindi og ná þannig betur til hagsmunaaðila og iðnaðar, meðal annars með skipulagningu og þátttöku í viðburðum til að auka þekkingu á þessum málaflokki hér á landi.

Það var einnig ánægjulegt að líkt og síðastliðin ár var Einkaleyfastofan í verðlaunasæti í vali á Stofnun ársins og hlaut enn og aftur sæmdarheitið fyrirmyndarstofnun. Ég er ákaflega stolt af þessum frábæra árangri stofnunarinnar og starfsfólki hennar. Árangur sem þessi næst ekki án þess að vera með drífandi og metnaðarfullt starfsfólk sem brennur fyrir þessum mikilvæga málaflokki.

Ég efast því ekki um að með mannauð sem þennan í farteskinu muni stofnunin halda áfram að byggja ofan á árangur síðustu ára og áratuga þegar Hugverkastofan tekur til starfa þann 1. júlí næstkomandi.

Ég horfi björtum augum til framtíðar og er þess fullviss að breyting á heiti Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofuna, muni verða til góðs. Hún mun gera okkur betur kleift að svara þörfum viðskiptalífsins og íslenskra aðila í nýsköpun, rannsóknum og þróun. Það er okkar hlutverk að vera í fararbroddi við að aðstoða þá sem skapa verðmæti, íslensku samfélagi til hagsbóta. Þannig höldum við utan um þessa mikilvægu auðlind sem hugverk eru og stuðlum þannig að aukinni verðmætasköpun sem byggir á hugviti og nýsköpun fremur en á náttúruauðlindum.



Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri





Einkaleyfastofan verður að Hugverkastofunni



Þann 1. júlí næstkomandi mun stofnunin taka upp heitið Hugverkastofan, en lög um heiti Einkaleyfastofunnar voru samþykkt á Alþingi 2. maí 2019. Með nýju heiti gefst skýrari mynd af starfsemi stofnunarinnar og er betur komið til móts við þarfir íslensks iðnaðar og viðskiptalífs.

Að sögn Borghildar Erlingsdóttur, forstjóra Einkaleyfastofunnar, mun breytingin fyrst og fremst gera stofnuninni betur kleift að auka vitund um hugverkaréttindi hér á landi og styðja betur við íslenska nýsköpun, iðnað og rannsóknar- og þróunarstarfsemi. „Hugverk leika stórt hlutverk í viðskiptum, iðnaði og nýsköpun í dag og eru oft helstu verðmæti fyrirtækja. Verndun hugverka skiptir þar lykilmáli til að ná árangri. Einkaleyfastofan hefur á síðastliðnum árum aðlagð starfsemi sína og þjónustu að þörfum íslenskra fyrirtækja og undir heitinu Hugverkastofan vonumst við til að geta enn betur sinnt þörfum þeirra og aðstoðað þau við að skapa og halda utan um sín verðmæti“ segir Borghildur.

Starfsemi og hlutverk stofnunarinnar mun ekki breytast en lagabreytingin felur einungis í sér breytingu á heiti stofnunarinnar og vísunum í hana í ýmsum lögum.

Breytingin er í takt við Hugverkastefnu fyrir Ísland 2016–2022 og stefnu Einkaleyfastofunnar fyrir árin 2018–2021 sem var unnin í samráði við hagsmunaaðila stofnunarinnar. Breytingin er einnig í takt við þróun erlendis en á síðastliðnum árum hafa ýmsar einkaleyfa- og vörumerkjastofur breytt um nafn til að lýsa starfsemi sinni betur.



Af hverju að breyta um nafn?

Nafnbreytingunni er fyrst og fremst ætlað að koma til móts við þarfir íslensks iðnaðar og viðskiptalífs. Nýtt heiti gefur skýrari mynd af starfsemi stofnunarinnar en núverandi heiti, Einkaleyfastofan, vísar eingöngu til einnar tegundar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og er þannig mjög þröng skírskotun miðað við raunverulega starfsemi stofnunarinnar. Heitið getur verið villandi í augum viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila og gefið til kynna að stofnunin láti sig aðeins varða málefni einkaleyfa þrátt fyrir að starfsemi hennar og ábyrgðarsvið tengist hugverkaréttindum almennt. Mikilvægt er að tryggja að öllum fagsviðum sé gert jafn hátt undir höfði og að í heiti komi ekki fram sérstök áhersla á eitt fagsvið umfram annað.

Breytingin er í takt við þróun erlendis en þar er í auknum mæli horft heildstætt á hugverk og hugverkaréttindi og þau verðmæti sem í þeim felast. Á síðustu árum hafa einmitt nokkrar einkaleyfa- og vörumerkjastofur breytt um heiti og eru í dag hugverkastofur. Má þar nefna sem dæmi hugverkastofur Evrópusambandsins (EUIPO), Bretlands (UKIPO), Ástralíu (IP Australia) og Ungverjalands (HIPO).

Breytingin felst m.a. í einu þeirra verkefna sem skilgreind eru í Hugverka—stefnu fyrir Ísland 2016–2022 og er þar með ein af þeim aðgerðum sem miðar að því að styrkja umgjörð og lagaumhverfi um hugverkaréttindi hér á landi.

Nýtt heiti er einnig í takt við stefnu Einkaleyfastofunnar fyrir árin 2018–2021, en hún var afrakstur greiningar á umhverfi stofnunarinnar og samráðs við helstu hagsmunaaðila þar sem möguleg nafnbreyting var meðal annars rædd.

Algengar spurningar

Hvað mun breytingin fela í sér?

Lögin um nýtt heiti Einkaleyfastofunnar munu taka gildi þann 1. júlí 2019. Þá verður heiti Einkaleyfastofunnar breytt í Hugverkastofan í þeim lögum sem stofnunin starfar eftir og öðrum lögum þar sem vísað er til stofnunarinnar. Markmið frumvarpsins er að breyta heiti stofnunarinnar þannig að heitið endurspegli betur eiginlega starfsemi hennar.

Hvað mun ekki breytast?

Hlutverk og starfsemi stofnunarinnar mun haldast óbreytt. Heimilisfang og símanúmer stofnunarinnar munu jafnframt ekki breytast.

Hvað mun breytast?

Lögin taka aðeins til nafns stofnunarinnar og hafa ekki áhrif á hlutverk eða starfsemi að öðru leyti. Hinsvegar mun nafnbreytingin hafa áhrif á rafræn samskipti stofnunarinnar og munu netföng starfsmanna breytast í nafn@hugverk.is frá og með 1. júlí 2019. Núverandi netföng nafn@els.is og nafn@einkaleyfastofan.is munu áfram vera virk í nokkra mánuði eftir breytinguna.

Á sama tíma mun stofnunin opna nýja heimasíðu og rafrænt umsóknarkerfi fyrir vörumerki og hönnun. Önnur rafræn kerfi og samfélagsmiðlareikningar stofnunarinnar munu einnig vera uppfærðir í takt við nafnbreytinguna frá og með 1. júlí. Núverandi lén stofnunarinnar, www.els.is, mun sjálfkrafa vísa notendum á nýtt lén Hugverkastofunnar, www.hugverk.is, frá og með 1. júlí.

Hvað með skráðu hugverkin mín og/eða umsóknina mína?

Breytingarnar munu ekki hafa áhrif á skráð vörumerki, hönnun eða einkaleyfi. Breytingarnar munu heldur ekki hafa nein áhrif á umsóknir, umsóknarferli eða önnur réttindi.

Verður heimasíða og önnur kerfi Hugverkastofunnar þau sömu og Einkaleyfastofunnar?

Ný heimasíða Hugverkastofunnar verður opnuð á sama tíma og lögin um breytt heiti taka gildi. Lén Hugverkastofunnar verður www.hugverk.is en gömlu lén Einkaleyfastofunnar, www.els.is og www.einkaleyfastofan.is, munu vísa á nýja lénið. Að sama skapi munu netföng starfsfólks breytast úr nafn@els.is og nafn@einkaleyfastofan.is í nafn@hugverk.is. Gömlu netföngin verða þó virk í nokkra mánuði eftir breytingu.

Mun höfundarréttur heyra undir Hugverkastofuna?

Nei, höfundaréttur heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hins vegar geta fyrirtæki sótt sér grunnfræðslu um öll hugverkaréttindi hjá Hugverkastofunni og þau verðmæti sem felast í hugverkum, þ.á.m. höfundarétti, ekki síst þar sem réttindi til vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar geta skarast við höfundarétt.

Hvað þarf ég að gera?

Eigendur umsókna eða skráðra hugverka hér á landi þurfa ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir með sín hugverk vegna breytinganna. Viðskiptavinir og aðrir aðilar þurfa að hafa í huga nýtt lén stofnunarinnar og ný netföng starfsfólks.

Hvað mun stofnunin vera kölluð á ensku?


Hugverkastofan mun vera kölluð The Icelandic Intellectual Property Office og notast við skammstöfunina ISIPO í takt við aðrar hugverkastofur og alþjóðastofnanir á sviði hugverkaréttinda.



Starfsemi og hlutverk



Í lok árs 2018 voru 33 starfsmenn hjá Einkaleyfastofunni, en þrír voru í leyfi. Á hugverkasviði voru starfsmenn sautján talsins auk sviðsstjóra en á rekstrarsviði níu talsins auk sviðsstjóra. Á sviði faggildingar voru tveir starfsmenn.



Svið Einkaleyfastofunnar



Hugverkasvið

Á hugverkasviði fer fram formleg og efnisleg meðferð umsókna um skráningu vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar. Á sviðinu eru teknar ákvarðanir um skráningu eða höfnun eftir atvikum og sinna lögfræðingar sviðsins rökstuðningi í þeim tilvikum þegar umsóknum er hafnað. Leyst er úr andmæla- og niðurfellingarmálum á sviðinu auk þess sem beiðnum um endurveitingu réttinda er sinnt. Þá tekur sviðið á móti umsóknum um viðhald réttinda, þ.e. greiðslu árgjalda af einkaleyfum og endurnýjun hönnunar- og vörumerkjaskráninga, auk þess að sinna beiðnum um aðilaskipti, veðsetningu skráninga og fleira. Á árinu 2018 tók sviðið ríflega þrettán þúsund umsóknir og önnur erindi til skoðunar.



Rekstrarsvið

Verkefni rekstrarsviðs eru af fjölbreyttum toga. Þau helstu eru móttaka erinda, þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini, fræðslu- og kynningarmál, útgáfa ELS-tíðinda og samskipti í tengslum við alþjóðleg samstarfsverkefni. Á sviðinu er einnig haldið utan um mannauðsmál, upplýsingatækni, kerfisstjórn og skjalastjórn, auk innkaupa, launavinnslu, fjármála og áætlanagerða. Á árinu 2018 var sérstök áhersla lögð á áframhaldandi uppbyggingu á þjónustu stofnunarinnar í samræmi við heildarstefnu.



Faggildingarsvið

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, er opinbera faggildingarstofan á Íslandi og starfar sjálfstætt innan stofnunarinnar. Á sviðinu starfa tveir starfsmenn sem sjá um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi við tæknilegar kröfur.

Faggildingarsvið leggur sig fram við að bjóða viðskiptavinum sínum góða þjónustu, taka þátt í nauðsynlegu alþjóðlegu samstarfi og efla samstarf milli hagsmunaaðila faggildingar sem geta ýmist verið eigendur krafna, samræmismatsstofur eða notendur þjónustunnar svo eitthvað sé nefnt.

Gæðavottun og gæðakerfi

Allt frá árinu 2013 hefur Einkaleyfastofan haft vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum, en þýska vottunarstofan DQS hefur annast úttektir á kerfinu. ISO 9001 staðalinn fjallar m.a. um ábyrgð stjórnenda, stjórnun auðlinda, uppbyggingu ferla vegna framleiðslu og þjónustu, mælingar á starfsemi og hvernig frávik eru greind til þess að stuðla að sífelldum umbótum. Einn meginþáttur staðalsins snýr að því að hlusta á þarfir viðskiptavina og laga starfsemina að óskum þeirra eins og mögulegt er.

Gæðakerfi Einkaleyfastofunnar nær yfir meðferð erinda og þjónustu við viðskiptavini, en einnig stjórnun, umsýslu fjármála og mannauðsmál. Stefnumiðaðar mælingar eru innbyggðar í gæðakerfið og eru niðurstöður rýndar og greindar í hringrás umbóta í anda staðalsins.



Stefna Einkaleyfastofunnar 2018–2021

Umfang

Undir stefnu þessa fellur öll starfsemi Einkaleyfastofunnar að undanskilinni starfsemi faggildingar. Stefnan var unnin í samráði við starfsfólk og aðra hagsmunaaðila stofnunarinnar fyrri hluta ársins 2018.

Í stefnunni er lögð áhersla á fimm megin þætti: Fræðslu og miðlun, þjónustu og samskipti við hagsmunaaðila, tækni og þróun, mannauð og umhverfismál. Stefnan kallast á við Hugverkastefnu fyrir Ísland 2016–2022.

Hlutverk og skylduverkefni

Hlutverk Einkaleyfastofunnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar. Stofnuninni ber að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Gildi

Mikilvægt er að stofnunin sé leiðandi á sviðinu fyrir íslenskt samfélag og einnig alþjóðlega sem þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á sviði hugverka-réttar og -skráningar

Fagmennska: Við viljum að öll okkar starfsemi einkennist af fagmennsku vel þjálfaðs og hæfs starfsfólks.

Þekking: Við viljum að hin mikilvæga sérfræðiþekking okkar standi viðskiptavinum okkar til boða.

Traust: Við viljum að viðskiptavinir beri fullt traust til vinnubragða okkar og geti verið þess fullvissir að þagnarskyldan sé í heiðri höfð.

Leiðarljós

Einkaleyfastofan fer með málefni hugverka á Íslandi, veitir faglega og trausta þjónustu og er eftirsóknarverður vinnustaður. Einkaleyfastofan miðlar þekkingu og á í virku samtali við samfélagið um málefni tengd hugverkarétti.

Framtíðarsýn

- **Einkaleyfastofan verði þekkingarmiðstöð hugverkaréttinda í hugverkadrifnu samfélagi og atvinnulífi - sterkur hlekkur í keðju nýsköpunar.**
- **Einkaleyfastofan hafi ávallt á að skipa vel þjálfuðu starfsfólki sem hefur framúrskarandi þekkingu á sínu sviði og er tilbúið að takast á við ný verkefni.**
- **Einkaleyfastofan veiti þjónustu í samræmi við þær tæknilausnir sem koma til móts við þarfir viðskiptavina.**

Stefnumið Einkaleyfastofunnar fyrir árin 2018–2021

Markmið stofnunarinnar til þriggja ára ára snúa að: þjónustu og tengslum við samfélagið, fræðslu og miðlun, þróun og tækni, mannauði og umhverfismálum:

Einkaleyfastofan verði þekkt í samfélaginu sem miðstöð hugverkaréttinda, traust og fagleg þjónustustofnun sem er í góðum tengslum við hagsmunaaðila.

Einkaleyfastofan hefur á að skipa helstu sérfræðingum landsins á sviði hugverkaréttinda. Starfsfólkið og þekking þess er grundvöllur starfseminnar og þess að stofnunin geti sinnt sínum skylduverkefnum og þjónustað samfélagið. Mikilvægt er að stofnunin sé áfram leiðandi á sviðinu fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag en einnig alþjóðlega sem þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á sviði hugverkaréttar. Lykillinn að því að veita góða þjónustu er að eiga gott samband við hagsmunaaðila og bregðast við þörfum þeirra.

Markmið um þjónustu og tengsl við samfélagið

- Stofnunin fái heiti sem lýsir starfseminni betur
- Þjónustuleiðir verði bættar og nýjar þróaðar
- Heimasíða verði öflugt tæki sem miðar að mismunandi þörfum viðskiptavinahópa

- Aukið og bætt samráð verði haft við hagsmunaaðila
- Stofnunin sé virkur þátttakandi í samtali um hugverk, nýsköpun, rannsóknir og þróun

Einkaleyfastofan leggur áherslu á að auka vitund um áhrif hugverkaréttinda á verðmætasköpun í samfélaginu með fræðslu og miðlun sérþekkingar.

Undanfarin ár hefur mikil gróska verið í frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi og hlutdeild óáþreifanlegra verðmæta sem felast í hugverkum aukist. Það er mikilvægt að þeirri þekkingu sé miðlað svo vitund um mikilvægi hugverkaréttinda og verðmæti þeirra nái til sprotafyrirtækja og fyrirtækja á sviði nýsköpunar.

Markmið um fræðslu og miðlun

- Stofnunin leiði samtal um hugverkarétt í samfélaginu og atvinnulífin
- Fræðsla og upplýsingamiðlun verði uppfærð í takt við þarfir viðskiptavina, iðnað, atvinnulíf og menntasamfélagið

Áhersla verður lögð á þróun þjónustuleiða með nýjustu tækni og þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

Það eru margar áskoranir sem þarf að takast á við í nútímasamfélagi og hraðar tæknibreytingar og auknar kröfur um nýjustu tækni í þjónustu aukast. Einkaleyfastofan mun nýta sér tæknilausnir eftir fremsta megni við starfsemi sína og þjónustu.

Markmið um þróun og tækni

- Tækninýjungar verði nýttar eftir fremsta megni til að mæta þörfum viðskiptavina og standa framarlega í þjónustu samanborið við aðrar hugverkastofur í Evrópu
- Gagnagrunnar verði endurbættir
- Umsóknafæri verði rafræn, aðgengileg og sett fram á skýran og einfaldan hátt

Einkaleyfastofan leggur sig fram við að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsfólk sýnir hvert öðru virðingu, deilir og viðheldur þekkingu sinni og veitir viðskiptavinum faglega og trausta þjónustu.

Einkaleyfastofan leggur áherslu á að hafa í sínum röðum vel þjálfað og framúrskarandi starfsfólk sem er tilbúið að takast á við ný verkefni og störf.

Markmið um mannauð

- Upplýsingamiðlun og samvinna milli sviða verði aukin
- Þekkingarstjórnun verði eflað frekar og þekking starfsfólks gerð sýnilegri út á við
- Innanhússfræðsla verði aukin og henni komið í skipulegan farveg

Sérstök áhersla verður lögð á að starfsemi Einkaleyfastofunnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið og starfsfólk njóti stuðnings við það

Það er í takti við umhverfisverndarsjónarmið og skýr vilji stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila að taka upp vinnubrögð sem stuðla að umhverfisvernd. Einkaleyfastofan mun hafa umhverfsvottunarstaðla til hliðsjónar við innleiðingu umhverfissvænni starfshátta.

Markmið í umhverfis málum

- Málsmeðferð og útgáfa skírteina verði einungis rafræn
- Markvisst verði leitað leiða til að draga úr soun

Framkvæmd, ábyrgð og eftirfylgni

Forstjóri Einkaleyfastofunnar er ábyrgur fyrir innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni með framkvæmdaáætlun í samvinnu við gæðastjóra.



Hugverk og hugverkaréttindi





Jóhann Skúli
Jónsson

Hversu mikil áhrif hafði salan á Cristiano Ronaldo á vörumerki Real Madrid?

Þrátt fyrir að leikmenn gangi kaupum og sölum á milli knattspyrnufélaga Evrópu fyrir milljarða á hverju ári eru vörumerki félaganna oft verðmætustu eignir þeirra. En hvaða áhrif hafði salan á einum besta leikmanni í heimi, Cristiano Ronaldo, á vörumerki Evrópumeistaranna Real Madrid?

Sumarið 2009 keypti Real Madrid Cristiano Ronaldo, þáverandi besta leikmann heims, fyrir 94 milljónir evra, upphæð sem hljómaði stjarnfræðilega há á þeim tíma. Um var að ræða ríflega tvöfalt verð þess sem spænska félagið hafði greitt fyrir Zinedine Zidane 8 árum áður og var heimsmet á þessum tíma. Í júlí 2018 seldi félagið Ronaldo til ítalska stórlíðsins Juventus fyrir 100 milljónir evra, sem verður að teljast ótrúleg upphæð fyrir knattspyrnumann kominn langt norður fyrir þrítugsaldurinn. Á níu ára ferli sínum í Real Madrid bætti Ronaldo við fjórum gullknöttum (f. *Ballon D'or*), skoraði 450 mörk í 438 leikjum, þar af 44 þrennur, bætti ógrynni af félagsmetum og skilaði í hús fjórum Meistaradeildartitlum eftir 12 ára þrautargöngu Real Madrid í keppninni án sigurs. Fæstir gagnrýndu þó söluna frá sjónarhorni Real Madrid og töldu margir, meðal annars bandaríski íþróttamiðillinn ESPN, þvert á móti að þetta hefði verið það eina rétta í stöðunni fyrir félagið, sérstaklega í ljósi aldurs Ronaldo og verðmiðans.

Tímabil Real Madrid fór í klósettið mjög snemma. Þjálfari félagsins, Julen Lopetegui, var rekinn eftir niðurlægingu gegn Barcelona og tók fyrrum leikmaðurinn Santiago Solari við skútunni. Það entist ekki lengi en honum var einnig sagt upp og hóað var í fyrrum þjálfara liðsins Zinedine Zidane

á nýjan leik. Félagið var þó aldrei líklegt til að ná sér á strik og er þetta eitt versta tímabil í sögu félagsins þar sem liðið datt snemma út úr spænska Konungsbikarnum, var niðurlægt í Meistaradeildinni af ungu og spræku liði Ajax og endaði tímabilið í þriðja sæti, heilum 19 stigum á eftir meisturum Barcelona. Á sama tíma var Ronaldo kjörinn besti leikmaður ítölsku deildarinnar og Juventus sigldi áttunda *Scudetto* titlinum örugglega í hús.

Það voru þó ekki einungis hæfileikar Ronaldo innan vallar sem Real Madrid missti fyrir tímabilið. Styrkur vörumerkis Ronaldos kristallast í því að enginn íþróttamaður hefur fleiri fylgjendur en hann á samfélagsmiðlum, samtals 348 milljónir á Facebook, Twitter og Instagram. Áhugi stuðningsmanna virtist hafa tekið skarpa dýfu eftir brotthvarf Ronaldos og voru vísbendingar um það að styrkur vörumerkis Real Madrid hefði einnig beðið hnekki. Í maí 2018 birti ráðgjafafyrirtækið Brand Finance árlega skýrslu sína þar sem farið var yfir verðmætustu vörumerki knattspyrnuheimsins. Skýrslan mælir annars vegar verðmætustu vörumerki knattspyrnunnar, þar sem litið er meira til markaðshliðar fótboltans, og hins vegar sterkustu vörumerkin þar sem árangur félagsins innan vallar er orðinn hluti af jöfnunni.

Skýrslan var birt tæpum tveimur mánuðum áður en salan á Ronaldo til Juventus var kunngjörð, en úr skýrslunni mátti þó lesa að Brand Finance teldi að bæði Real Madrid og Barcelona stæðu frammi fyrir miklum áskorunum á næstu árum sökum þess að Ronaldo og Leo Messi væru að nálgast síðari stig ferilsins. Þrátt fyrir að undirritaður gefi ekki mikið fyrir þær áhyggjur hvað varðar knattspyrnulega getu má segja að ákveðin

„Það voru þó ekki einungis hæfileikar Ronaldo innan vallar sem Real Madrid missti fyrir tímabilið. Styrkur vörumerkis Ronaldo kristallast í því að enginn íþróttamaður hefur fleiri fylgjendur en hann á samfélagsmiðlum, samtals 348 milljónir á Facebook, Twitter og Instagram.“

Þáttaskil hafi átt sér stað þegar Luka Modric batt enda á tíu ára einokun Messi og Ronaldo á *Ballon d'Or* verðlaununum. Þá hefur það margoft sannað sig að sá eini sem mun ávallt vera ósigrður er tíminn (e. *Father Time*) en Messi verður 32 ára á þessu ári og Ronaldo nýorðinn 34 ára.

Við fyrstu sýn má telja að skellurinn sem Brand Finance spáði fyrir um á síðasta ári hafi nú þegar bitnað á Madrídningum, enda hefur frammistaða innan vallar hjá félaginu eftir brotthvarf Ronaldos verið hreinasta hörmung á þeirra mælikvarða líkt og áður hefur komið fram. Á fyrsta sólahringnum eftir að Juventus tilkynnti um kaupin á Ronaldo fór fylgjendafjöldi félagsins á samfélagsmiðlum upp um eina og hálf milljón og á haustmánuðum hafði það bætt við sig 5 milljónum til viðbótar. Á sama tíma tapaði Real Madrid einni milljón fylgjendum fyrsta sólahringinn eftir að skiptin voru staðfest. Það er þó vert að nefna að á þessum tíma var Real Madrid ennþá með fimmfalt fleiri fylgjendur á samfélagsmiðlum en Juventus en þó voru margir sem spáðu því að verðmæti vörumerkisins gæti beðið hnekki með sölunni.

Áðurnefnd skýrsla Brand Finance fyrir árið 2019 hafði þó aðra sögu að segja. Ekki einungis virtist brotthvarf Ronaldos og hnignandi frammistaða innan vallar ekki hafa neikvæð áhrif á vörumerkið heldur óx styrkleiki þess og er Real Madrid verðmætasta vörumerki knattspyrnunnar samkvæmt skýrslunni. Þrátt fyrir erfiðleika innan vallar virðist hinn ótrúlegi sigurstöðugleiki félagsins undanfarin ár og síðustu áratugi hafa skapað þeim slíka festu á markaði að salan á Portúgalanum ólseiga kom þeim

ekki í koll. Þvert á móti nýtti félagið sér óstöðugleika og árangursleysi Manchester United og hirti af þeim toppsætið. Það er því ljóst að hið margumrædda hugtak *player power* í knattspyrnunni sem og vaxandi vinsældir knattspyrnumanna hefur um þessar mundir ekki teljandi áhrif á verðmæti knattspyrnufélaga þó að salan á Ronaldo hafi að því er virðist haft mikil áhrif á félagið innan vallar.





Melkorka Þöll
Vilhjálmssdóttir

Hakuna Matata -hve þau orð eru sönn!

Ein af perlum kvikmyndasögunnar er vafalaust teiknimyndin Lion King, eða Konungur ljónanna á íslensku, sem kom út árið 1994. Kvikmyndin segir frá fjölskylduharmi og raunum krúnuerfingjans Simba sem er sendur í útlegð af föðurbróður sínum Skara eftir að Skari kemur konunginum Múfasa, föður Simba, fyrir kattarnef.

Í útlegðinni kynnist Simbi jarðarkettinum Tímoni og vörtusvíninu Púmba sem leiða hann í allan sannleikann um lífsins leyndardóma. Þeir kenna honum meðal annars orðatiltækið *Hakuna Matata* sem þýðir „engar áhyggjur“ og er algengt orðatiltæki á austur-afrísku tungumálinu svahílí.

Disney-samsteypan hefur nú ráðist í endurgerð á kvikmyndinni og má vænta þess að endurgerðin verði frumsýnd í öllum betri kvikmyndahúsum í sumar. Í ljósi þessarar endurgerðar hafa sprottið upp áhugaverðar vangaveltur um skráningu Disney á vörumerkinu *Hakuna Matata*, en sótt var um merkið árið 1994 í Bandaríkjunum fyrir föt og skófatnað.

Undirskriftarlistar hafa nú gengið þess efnis að Disney láti vörumerkjaskráningu sína í Bandaríkjunum á orðatiltækinu *Hakuna Matata* falla niður og hafa yfir um hundrað þúsund manns skrifað undir. Upphafsmaður undirskriftarlistans, Shelton Mpala, ásakar Disney um menningarnám og stuld. Hann segir jafnframt að Disney hefði ekki átt að vera heimilt að skrá

orðatiltæki sem vörumerki þar sem fyrirtækið hafi ekki sjálft búið það til. Hann telur að stór fyrirtæki í hinum vestræna heimi séu að nýta sér menningarlega tjáningu, lífsstíl og menningarvörur sem koma frá Afríku. Þá sé eign þeirra á vörumerkinu *Hakuna Matata* meðal annars til marks um græðgi og sé móðgun – ekki aðeins við svahílí fólk heldur Afríku í heild.

Vörumerkjaskráning Disney hefur vakið upp þá hugmynd að ríkisstjórnir Afríkuríkja geri meira til að vernda arfleifð og menningu ríkjanna. Margir hafa bent á meinta ósanngirni sem felst í því að Keníubúum sé ekki heimilt að selja vörur sínar merktar orðatiltækinu í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að orðatiltækið sé hluti af arfleifð Keníu. Lagt hefur verið til í þessu samhengi að ríkisstofnanir þessara ríkja ættu að grípa til aðgerða til að vernda innlend orðatiltæki sem hafa menningarlegt gildi. Upp hafa komið hugmyndir þess efnis að safna menningarlegum orðatiltækjum sem fengjust skráð sem vörumerki í gagnagrunn og lögfesta reglur um vörsluáðila þessara orðatiltækja.

Í ljósi alls þessa þarf að hafa í huga hvað skráning vörumerkis hefur í för með sér. Skráning vörumerkis þýðir ekki að eigandi vörumerkisins geti bannað öllum að nota tiltekið orðatiltæki í daglegu tali. Til að mynda er hverjum þeim sem talar svahílí ekki meinað að nota orðatiltækið *Hakuna Matata*.

„Hann telur að stór fyrirtæki í hinum vestræna heimi séu að nýta sér menningarlega tjáningu, lífsstíl og menningarvörur sem koma frá Afríku. Þá sé eign þeirra á vörumerkinu Hakuna Matata meðal annars til marks um græðgi og sé móðgun - ekki aðeins við svahílí fólk heldur Afríku í heild.“

Skráning Disney var þeirra leið til að vernda sig gegn öðrum fyrirtækjum sem gætu reynt að nýta sér vörumerki Disney við sölu á varningi í Bandaríkjunum. Ekki er óalgengt að fyrirtæki noti tungumál á þennan hátt í viðskiptalegum tilgangi og liggur það í raun í eðli vörumerkjaréttarins.

Hins vegar vekur þessi umræða upp siðferðislegar spurningar tengdar vörumerkjaréttinum sem áhugavert er að velta fyrir sér. Ætti íslenska ríkið að fá skráningu erlendis á orðatiltækjum eins og *Þetta reddast*, *Guð blessi Ísland* eða *Maður gerir ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn*?





Gunnar Sær
Ragnarsson

Umdeild höfundaréttartilskipun Evrópuþingsins

26. mars 2019 samþykkti Evrópuþingið umdeilda tilskipun sem varðar notkun á höfundaréttarvörðu efni á internetinu (348 atkvæði með, 274 á móti og 36 sátu hjá). Þessi tilskipun hafði sætt mikilli gagnrýni á meðan meðferð hennar á Evrópuþinginu stóð, þar sem margir telja hana muna gjörbreyta umhverfi internetsins, og þá sérstaklega meðal vefsíða sem reiða sig á höfundaréttarvarið efni í rekstri sínum eins og Facebook, Twitter, Instagram og Youtube. Miklar áhyggjur eru til staðar um að slíkar síður yrðu að afla tekna á annan hátt en gert er í dag t.d. með því að krefjast greiðslu gjalds fyrir notkun á þeim vefsíðum, sem áður hafa verið ókeypis fyrir notendur. Einnig telja margir að nýjar sambærilegar vefsíður gætu aldrei litið dagsins ljós vegna mikils upphafskostnaðar sem myndi fylgja rekstri slíkra vefsíða. Þá þyrftu stóru vefsíðunar ekki að hafa áhyggjur af frekari samkeppni en er til staðar í dag. Risar á borð við Susan Wojcicki (framkvæmdastjóri Youtube), Jimmy Wales (meðstofnandi Wikipedia) og Tim Berners-Lee (oft nefndur „faðir internetsins“) hafa gagnrýnt fyrirhugaðar breytingar Evrópusambandsins á reglum um meðferð höfundaréttarvarins efnis á internetinu.


Þrátt fyrir það fagna margir fyrirhuguðum breytingum, og vissulega eru flestir höfundar og réttihafar meðal þeirra. Í áranna raðir hefur það reynst höfundum og réttihöfum verulega erfitt að stöðva óheimila dreifingu og

opinberun til almennings á efni þeirra á internetinu og nýta höfundarétt sinn á annan hátt. Afritun á t.d. tónlist af internetinu tekur í kringum sekúndu og er því verulega auðveld, en einnig má benda á að viðhorf neytanda gagnvart höfundaréttarvörðu efni hefur almennt verið þau að slík afritun valdi ekki réttihafa raunverulegu tjóni og sé því í lagi. Því telja margir réttihafar sig ekki fá sanngjarna greiðslu fyrir verk sem þeir eiga höfundarétt á. Umrædd tilskipun á m.a. að bæta stöðu höfunda og réttihafa á internetinu verulega.

Meginþorri deilunnar byggði á efni 15. og 17. gr. (voru 11. og 13. gr.) tilskipunarinnar og erfiði rekstraraðila við að fylgja þeim í framkvæmd. Samkvæmt ákvæðum 17. gr. skulu vefsíður sem byggja á notkun á höfundaréttarvörðu efni (e. *online content service providers*) semja við réttihafa um leyfissamninga fyrir birtingu og framtíðarbirtingu á þeirra efni, en einnig munu vefsíðurnar bera töluverða ábyrgð á því sem birtist þar. Þetta telja margir gera stöðu slíkra vefsíða verri fjárhagslega ásamt því að rýra samningstöðu þeirra gagnvart réttihöfum. Einnig gerir 15. gr. fréttamiðlum kleift að krefjast greiðslu fyrir að setja tengil á þeirra efni á vefsíðu eins og Facebook. Hins vegar hefur Evrópuþingið breytt ákvæði 15. gr. á þann hátt að krækja á fréttagreinar ásamt einstaka orðum eða stuttri tilvitnun í texta greinarinnar skuli vera heimil.

„Því telja margir rétthafar sig ekki fá sanngjarna greiðslu fyrir verk sem þeir eiga höfundarétt á. Umrædd tilskipun á m.a. að bæta stöðu höfunda og réttaha á internetinu verulega.“

Þessar breytingar leiða líklega til þess að vefsíður á borð við Facebook og Twitter verða að greiða töluverða fjárhæð til réttaha fyrir áframhaldandi starfsemi sína ásamt því að hanna síur, sem sía út það efni sem ekki er búíð að semja um birtingarleyfi fyrir (eins og Youtube hefur gert með góðum árangri). Þetta getur vissulega reynst rekstraraðilum slíkra vefsíða erfitt og því breytt vinsælustu vefsíðunum á internetinu til muna.





Sif
Steingrimsdóttir

Sterkt vörumerki verður til – hvað ber að hafa í huga ?

Það virðist útbreiddur misskilningur að vörumerki eigi að gefa til kynna hvers konar vöru eða þjónustu það stendur fyrir. Þvert á móti er það svo að því minni tenging sem er á milli merkis og vöru eða þjónustu sem því er ætlað að auðkenna – því betra!



Það er gömul saga og ný að í vel heppnuðu vörumerki felast gríðarleg fjárhagsleg verðmæti. Raunar geta vörumerki hæglega verið ein verðmætasta eign fyrirtækja. Það liggur því í augum uppi að það borgar sig að vanda vel til verka þegar skapa á nýtt vörumerki. Því sterkara sem vörumerkið er þeim mun betri lagaverndar nýtur það.

Meginreglan er að vörumerki geta verið hvers konar sýnileg tákn sem greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum eða þjónustu annars aðila. En hvað á að hafa í huga þegar vörumerki er búið til? Það fyrsta sem gott er að hafa í huga er að vörumerki sé skráningarhæft og þar með tækt til að öðlast þá vernd sem skráningu fylgir. Réttur til vörumerkis getur stofnast með notkun þess, en með skráningu er auðveldara að sanna rétt sinn til viðkomandi vörumerkis. Skilyrðin sem vörumerki þarf að uppfylla til að vera skráningarhæft eru að mestu sambærileg um allan heim. Í grunninn er um tvö megin skilyrði að ræða. Í fyrsta lagi það grundvallarskilyrði að vörumerki hafi sérkenni og þar með aðgreiningarhæfi. Í öðru lagi að vörumerki búi ekki yfir eiginleikum sem eru til þess fallnir að valda ruglingi eða blekkja neytendur.

Því meira sérkenni sem vörumerki býr yfir – þeim mun betri vörumerkjavernd

Einungis merki sem búa yfir aðgreiningareiginleikum eru hæf til þess að vera vörumerki. Þannig segir í 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 að það sé skilyrði skráningar vörumerkis að *merkið sé til þess fallið að greina vörur og þjónustu merkiseiganda frá vörum og þjónustu annarra*. Þegar vörumerki býr yfir aðgreiningareiginleika er í vörumerkjarétti talað um að vörumerki hafi sérkenni (e. distinctiveness) fyrir þær vörur eða þjónustu sem því er ætlað að standa fyrir. Sérkenni merkis ákvarðar styrk þess því niðurstaða mats á því hversu sterkt sérkenni merki hefur ákvarðar þá fjarlægð sem eigandi vörumerkisins getur krafist að aðrir á sama markaði haldi sig í frá merkinu. Sérkenni merkis ræður þannig úrslitum um hversu sterka vörumerkjavernd merkið getur öðlast. Rökin fyrir kröfunni um sérkenni eru að vörumerki verður tákn vöru eða þjónustu og gegnir þannig lykilhlutverki í viðskiptum fyrir neytendur. Það aðgreinir vörur eða þjónustu sem eru sömu eða svipaðrar tegundar, en sérkenni merkisins er forsenda þess að merkið sé þess umkomið að gegna þessu hlutverki sínu. Rökin fyrir kröfunni um sérkenni eru enn fremur þau að vörumerkjaréttur veitir tiltekinn einkarétt og er því talið óréttlátt að handhafi vörumerkis geti meinað öðrum að nota orð sem eru lýsandi eða til skýringar á eiginleikum vöru eða þjónustu og aðrir á sama sviði geta haft þörf á að nota sínum viðskiptum.

Í grófum dráttum má skipta orðmerkjum niður í fjóra flokka eftir sérkenni þeirra:

1. Sterkustu verndina veita skálduð eða tilbúin orð (e. *fanciful marks*) en þau búa yfir sérkenni samkvæmt eðli sínu. Orðið KODAK fyrir myndavélar, PEPSI fyrir gosdrykk og GOOGLE fyrir leitarvél á Internetinu eru dæmi um slík vörumerki. Um er að ræða orð sem voru áður merkingarlaus, en hafa auk þess enga tengingu við eðli vörunnar eða þjónustunnar sem þau standa fyrir. Þótt neytendum kunní í upphafi að reynast erfitt að festa slík merki í minni þá bjóða þau upp á gott tækifæri fyrir vörumerkjaeiganda til að skapa sérstæða ímynd merkisins fyrir tiltekna vöru, þjónustu eða fyrirtæki.
2. Handahófsmerki (e. *arbitrary marks*) eru úr orðum sem kunna að hafa almenna merkingu, en þó ekki í tengslum við vöruna eða þjónustuna sem þau eru notuð fyrir. Vörumerkið APPLE fellur í þennan flokk og þykir búa yfir sérlega miklu sérkenni fyrir raftækjafyrirtæki. Annað dæmi um slíkt merki er vörumerkið SHELL fyrir bensínstöð. Líkt og með skálduð orð þá njóta handahófsmerki oft mikillar vörumerkjaverndar, enda með sterkt sérkenni.

3. Vísbendandi merki (e. *suggestive marks*) gefa vísbendingu um vöruna eða þjónustuna sem merkin standa fyrir án þess þó að lýsa henni nákvæmlega og neytandinn þarf að nota ímyndunaraflið. Sem dæmi má nefna vörumerkið PLAYBOY fyrir karlatímarit, merkið KITCHENAID fyrir eldhústraftæki og merkið AIRBUS fyrir flugvélar.
4. Lýsandi merki (e. *descriptive merki*) eru að meginstefnu sérkennalaus. Þá þykir merkið lýsa annað hvort eðli, innihaldi eða yfirbragði vörunnar eða þjónustunnar sem það stendur fyrir og ekkert rúm fyrir ímyndaraflið er skilið eftir. Dæmi um lýsandi vörumerki er „Park ‘N Fly“ fyrir langtíma-bílastæði á flugvelli, „Góður matur“ fyrir veitingaþjónustu eða „Hrein föt“ fyrir fatahreinsun. Með sama hætti myndi vörumerkið APPLE teljast lýsandi fyrir heildsölu með epli og myndi því alfarið skorta sérkenni fyrir slíka starfsemi, öfugt við það sem á við um raftæki. Þar sem slík lýsandi vörumerki eru að jafnaði án sérkennis njóta þau yfirleitt ekki lagaverndar enda þykja þau ekki vera til þess fallin að greina vörur eða þjónustu merkiseiganda frá vörum eða þjónustu annarra á sama markaði.

Loks ber að nefna að almenn heiti (e. *generic term*) vöru eða þjónustu eru ekki skráningarhæf. Til að mynda er ekki hægt að skrá orðið „kaffi“ sem vörumerki fyrir kaffibaunir. Hins vegar er hægt að skrá orðið „kaffi“ samhliða vörumerki sem býr yfir sérkenni. Til að mynda má nefna vörumerkið STARBUCKS COFFEE. Kaffirisinn STARBUCKS getur þó ekki komið í veg fyrir að samkeppnisaðilar noti orðið „kaffi“ samhliða sínum vörumerkjum svo framarlega sem þau líkjast ekki vörumerkinu STARBUCKS, enda er ekki unnt að veita einum aðila einkarétt á almennu heiti yfir þá vöru eða þjónustu sem því er ætlað að auðkenna.

Niðurstaðan er því sú að það borgar sig að velja vörumerki sem býr yfir miklu sérkenni. Sérkennið tryggir fjarlægðina sem keppinautar þurfa að halda sig í. Því minna sérkenni sem merki búa yfir, því nær komast samkeppnisaðilar með sín merki.

Ein leið til að framkvæma frumkönnun á því hvort tiltekið vörumerki kunnir að búa yfir sérkenni er að einfaldlega slá merkið inn á leitarvélinni GOOGLE. Komi margar niðurstöður í tengslum við vöruna eða þjónustuna sem merkinu er ætlað að standa fyrir má leiða að því líkur að merkið hafi ekki mikið sérkenni.



Nanna Helga
Valfells

Tollastríð BNA og Kína: Hvað er málið með hugverk?

Ríkisstjórn forseta Bandaríkjanna, Donald Trump, heldur því fram að Kínverjar hafi í árunna rás stolið bandarískum hugverkum. Það er ein ástæða þess að Trump hefur hótað því að setja háa tolla, allt að 25%, á innfluttar vörur frá Kína náist ekki samningar á milli landanna. Bandarísk stjórnvöld halda því fram að hugverkastuldur hafi haft mikil neikvæð áhrif á fyrirtæki í Bandaríkjunum og stjórnendur þeirra hafa lengi kallað eftir því að eitthvað verði gert til að sporna við þessu, en þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hafi ekki skilað langtímaárangri.

Fljótlega eftir að Trump tók við embætti forseta árið 2017 lét hann fulltrúa bandarískra stjórnvalda rannsaka málið og fundu þeir sannanir fyrir því að Kínverjar væru að stela hugverkum, m.a. með því að framleiða falsaðar vörur og gera tölvuárásir á bandarísk fyrirtæki til að komast yfir viðskiptaleyndarmál. Verðmæti hugverkastuldurinn var talið vera tugir milljarða (e. billion) dollara á ári. Í kjölfarið lagði forsetinn til að settir yrðu tollar á innfluttar vörur frá Kína sem samsvara árlegu tapi sem verður af hugverkastuldi, haldist ástandið óbreytt.

Kínversk stjórnvöld hafa hótað sömu aðgerðum verði ekki komist að samkomulagi við Bandaríkin. Hinsvegar hafa þeir lagt áherslu á að eftirlit og viðurlög vegna hugverkastuldur verði aukin. Viðurlögin sem að kínversk stjórnvöld segjast ætla að grípa til eru háar sektir á fyrirtæki sem

gerast brotleg ásamt því að takmarka möguleika þeirra á fjármögnun og ríkisaðstoð. Nýjasta tillagan frá kínverskum stjórnvöldum er að setja lög sem eiga að auka hugverkavernd erlendra fyrirtækja í Kína.

Trump hefur lagt mikla áherslu á að færa iðnað og framleiðslu aftur til Bandaríkjanna en vöruskiptahalli við Kína árið 2018 var um 375 milljarðar dollara. Vel þekktar vörur m.a. Apple símar og Nike skór eru hannaðar á Vesturlöndum en að mestu leyti framleiddar og samsettar í Kína. Forsetinn vill minnka hallann við Kína þar sem að hann er, að mati Trump, ósanngjarn gagnvart bandarísku verkafólki og viðskiptalífi.

Nú síðast er spjótum bandarískra stjórnvalda og fjölmiðla á Vesturlöndum beint að kínverska tæknifyrirtækinu Huawei en það hefur verið sakað um að stela tækni frá vestrænum fyrirtækjum, einmitt þar sem það hefur verið að auka markaðshlutdeild sína. Ekki eru allir á sama máli um stuldinn og segja að þó svo að verndun erlendra aðila á hugverkum í Kína sé ekki í fullkomnu kerfi, þá virki það og hafi batnað mikið síðan það varð til upp úr 1980. Aðrir segja að ásakanir um stuldur Kínverja á hugverkum frá Vesturlöndum sé notaður til að slá ryki í augun á fólki til þess að hafa ástæðu til að setja tolla á kínverskar vörur, þar sem að bandarísku efnahagslífi stafi mest ógn af Kína í samkeppni landanna.

„Að sama skapi skipta hugvit, hugverk og vörumerki æ meira máli. Framleiðslukostnaðurinn mun ekki ráðast af kostnaði við vinnuafli heldur af kostnaði við vöruflutninga og rafmagn. Þessi þróun er ógn við framleiðslu í Kína og gæti ýtt Kínverjum enn frekar að samningaborðinu hvort sem að hugverkastuldurinn sé jafn umfangsmikill og bandarísk stjórnvöld og fyrirtæki halda fram eða ekki.“

Í miðri fjórðu iðnbyltingunni, þar sem sjálfvirknivæðing og vélmenni eru að koma í stað vinnuafis við framleiðslu, skiptir minna máli hvar í heiminum framleiðslan fer fram. Að sama skapi skipta hugvit, hugverk og vörumerki æ meira máli. Framleiðslukostnaðurinn mun ekki ráðast af kostnaði við vinnuafli heldur af kostnaði við vöruflutninga og rafmagn. Þessi þróun er ógn við framleiðslu í Kína og gæti ýtt Kínverjum enn frekar að samningaborðinu hvort sem að hugverkastuldurinn sé jafn umfangsmikill og bandarísk stjórnvöld og fyrirtæki halda fram eða ekki.

Donald Trump hefur sagt opinberlega að „viðskiptastríð séu góð og auðveld að sigra“. Áhugavert verður að fylgjast með framvindu þessa pólitíska máls en það hefur m.a. valdið ólgu á hlutabréfamörkuðum víðs vegar um heiminn þar sem enn er óvissa, þegar þetta er skrifað, hvort og hvenær samningar náist á milli landanna. Tollastríð Bandaríkjanna og Kína hefur í það minnsta vakið alþjóðlega athygli og umræðu um verndun hugverka og verðmæti þeirra.

Heimildir: Bloomberg, CNBC, Forbes og World IP Review.





Árið 2018




Tölfræði 2018

Á árinu 2018 bárust Einkaleyfastofunni samtals 57 umsóknir um einkaleyfi á tæknilegum uppfinningum frá íslenskum aðilum. Það er aukning um 54% milli ára og fara þarf aftur til ársins 2010 til að finna viðlíka fjölda umsókna. Þá áttu þrír aðilar meirihluta umsókna en árið 2018 voru umsækjendur samtals 36 og átti aðeins einn fleiri en þrjár umsóknir. Um helmingur umsækjenda hafði áður sótt um einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni. Umsóknirnar eru á víðu tæknisviði og sýna vel þá grósku sem er í íslenskum hugverkaiðnaði en auk þess bendir þessi aukning milli ára til ákveðinnar vitundarvakningar um mikilvægi þess að verja hugverkaréttindi.

Sömu ályktanir má draga af fjölda umsókna um skráningu vörumerkja en íslenskum umsóknum fjölgaði um 23% milli ára og voru þær samtals 862 á árinu 2018. Fara þarf aftur til ársins 2000 til að finna fleiri íslenskar umsóknir á einu ári. Flestar umsóknirnar eru fyrir ferðapjónustu, veitingarekstur, matvæli og drykki og sölu og markaðssetningu á þessum vörum og þjónustu. Skráning vörumerkja er nú sem oftast á gætur mælikvarði á umsvif í efnahagslífinu, bæði umfang þeirra og á hvaða sviði ný fyrirtæki eru að spretta fram.

Önnur vísbending um að orðið hafi ákveðin vitundarvakning um mikilvægi þess að verja hugverkaréttindi er að andmæli við skráningu vörumerkja hafa aldrei verið fleiri og sömu sögu má segja um kröfur um niðurfellingu skráðra vörumerkja þar sem þriðji aðili krefst þess að merki verði fellt niður m.a. vegna notkunarleysis. Á árinu bárust Einkaleyfastofunni samtals 61 slíkt erindi samanborið við 40 árið 2017 og er aukningin því 53% milli ára.

FJÖLDI ANDMÆLA OG KRÖFUR UM NIÐURFELLINGU VÖRUMERKJA



Skráð hugverk í lok árs 2018



EINKALEYFI

7.522

Þar af
íslensk: 86

VÖRUMERKI
60.770

Þar af
íslensk: 7.522



HÖNNUN

965

Þar af
íslensk: 150

Árið 2018

EINKALEYFI

Umsóknir:

1.554

Veitt réttindi:

1.487

VÖRUMERKI

Umsóknir:

4.260

Veitt réttindi:

2.728

HÖNNUN

Umsóknir:

109

Veitt réttindi:

112



EINKALEYFI



2018

■ Umsóknir
■ Veitt réttindi

VÖRUMERKI



2018

■ Umsóknir
■ Veitt réttindi

HÖNNUN



2018

■ Umsóknir
■ Veitt réttindi

Markmið og málsmeðferð

Markmið um málsmeðferð á árinu 2018 byggjast á reynslu fyrri ára og endurspeglar stefnu stofnunarinnar um bættu þjónustu og skemmri málsmeðferðartíma. Málsmeðferðartími hélst að miklu leyti óbreyttur milli ára en heldur hæðði á rannsókn alþjóðlegra vörumerkjaumsókna á meðan málsmeðferð rökstuðnings-, andmæla- og niðurfellingarmála stýttist töluvert. Sem dæmi má nefna að úrskurðað var í 32 ágreiningsmálum um vörumerki á árinu, 16 andmælumálum og jafn mörgum niðurfellingarmálum.

Stefnumótunarvinna

Ný stefna Einkaleyfastofunnar var kynnt um haustið 2018 en hún var af-rakstur greiningar á umhverfi stofnunarinnar og unnin í samráði við starfsfólk og helstu hagsmunaaðila. Þar var mótuð framtíðarsýn með tilliti til þarfa viðskiptavina Einkaleyfastofunnar og þeirra öru samfélags- og tækni-breytinga sem hafa áhrif á stofnunina og íslenska nýsköpun.

Meðal þess sem var rætt var nafnbreyting stofnunarinnar, en í Hugverkastefnu fyrir Íslands 2016–2022 kemur fram sú hugmynd að taka upp heitið Hugverkastofan.



Stefna Einkaleyfastofunnar gildir til ársins 2021 en í henni er lögð áhersla á aukið samstarf við hagsmunaaðila, aukna vitund um hugverkaréttindi og að Einkaleyfastofan sé þjónustustofnun sem leggi sig framvið að þróa nýjar tæknilausnir í tak við þarfir viðskiptavina. Jafnframt er lögð áhersla á að stofnunin sé eftirsóknarverður vinnustaður og að starfsemi hennar hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

Hægt er að lesa stefnuna í heild sinni á bls. 14 til 17.



Framadagar

Einkaleyfastofan tók þátt í Framadögum AISEC í Háskólanum í Reykjavík í byrjun febrúar. Framadögum er oft lýst sem stærsta atvinnuviðtali landsins, enda leggja árlega mörg þúsund manns á öllum aldri leið sína í Vatnsmýrina í leit að tækifærum og ráðgjöf en markmið Framadaga er að gefa háskólanemum tækifæri til að kynna sér fyrirtæki og fjölbreytta möguleika á sumarstörfum, framtíðarstörfum eða verkefnavinnu.

Einkaleyfastofan var þar engin undantekning enda er þekking á hugverkarréttindum öflugt tól í verkfærakistu atvinnuleitenda og nauðsynleg fyrir alla þá sem vilja starfa í heimi þar sem hugverk og óáþreifanleg verðmæti gegna æ stærra hlutverki í atvinnulífinu.

Einnig kynnti Einkaleyfastofan möguleika á starfsnámi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) og Alþjóðahugverkastofunni (WIPO).



UTmessan

Í febrúar tók Einkaleyfastofan þátt í UTmessunni í annað skiptið, en hún er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum á Íslandi. Á UTmessunni mæta öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins til leiks með einum eða öðrum hætti og hvetja þannig fólk til að kynna sér um hvað tölvuiðnaðurinn snýst. Ráðstefnan var því frábært tækifæri til að ná til fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaðinum en þau byggjast að langmestu leyti á óápreifanlegum verðmætum. Á bás Einkaleyfastofunnar gátu gestir ráðstefnunnar kynnt sér mikilvægi hugverkaréttinda í upplýsingatæknigeiranum og fræðst um hvaða leiðir eru færar í að vernda hugverk í hugbúnaði.



Málþing um einkaleyfi í jarðvarma

Þann 9. febrúar hélt Einkaleyfastofan málþing um einkaleyfi í jarðvarma í samvinnu við Íslenska jarðvarmaklasann, Árnason Faktor, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samorku. Málþinginu var ætlað að vekja aðila jarðvarma- og orkugeirans til umhugsunar um mikilvægi þekkingar og hugvits sem og verndun hugverka fyrir samkeppnishæfni geirans. Efnistöð málþingsins byggðu m.a. á þremur skýrslum sem kortleggja einkaleyfi og samkeppnishæfni íslenska jarðvarmageirans.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti opunarávarp málþingsins en aðalfyrirlesarinn málþingsins var Jeff Skinner, framkvæmdastjóri Institute of Innovation and Entrepreneurship hjá London Business School.

Auk þess kynntu Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, Gunnar Örn Harðarson, framkvæmdastjóri Árnason Faktor, og Gunnar Haraldsson, hagfræðingur og stofnandi Intellecton, niðurstöður rannsókna um stöðu einkaleyfa og samkeppnishæfni íslenska jarðvarmageirans en að þeim loknum stjórnaði Ari Kristinsson, rektor Háskólans í Reykjavík, pallborðsumræðum með aðilum úr jarðvarma- og vísindageiranum og viðskiptalífni. Lokaávarp málþingsins flutti Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.




Námskeið um alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja - Madridnámskeið

Einkaleyfastofan, í samstarfi við Íslandsstofu og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO), stóð í febrúar fyrir fundi um verndun vörumerkja við sókn á erlenda markað.

Ásta Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í Genf fór yfir mikilvægi verndunar vörumerkja almennt við sókn á

erlenda markaði og hvernig hægt er að bera sig að í þeim efnum. Þá deildu einnig Bjarney Harðardóttir hjá 66° Norður og Erla Skúladóttir hjá Lauf Forks þeirra reynslu. Jón Gunnarsson, samskiptastjóri, fór í kjölfarið yfir vörumerki sem viðskiptatæki. Góð aðsókn var að fundinum og sköpuðust líflegar umræður. Fundinum stýrði Flosi Eiríksson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu.



Ísland í 23. sæti nýsköpunarmælikvarða GII

Ísland féll um tíu sæti á nýsköpunarmælikvarða Global Innovation Index 2018 sem er unnin af WIPO, en hún tekur saman og raðar nýsköpunargetu og -árangri aðildarríkja stofnunarinnar. Ísland var í 23. sæti en hefur verið í 13. sæti árin tvö á undan.

Nýsköpunarmælikvarði Evrópusambandsins árið 2018 sýndi einnig að nýsköpunargeta Íslands hefur dregist saman á síðustu árum. Samkvæmt European Innovation Scoreboard 2018 þá hefur einkunn Íslands fallið úr 121,7 árið 2010 í 120,8 árið 2017 en á sama tíma hefur nýsköpunargeta flestra ríkja Evrópu og meðal nýsköpunargeta ríkja Evrópusambandsins aukist.

Cornell
SC Johnson College of Business

INSEAD
The Business School
for the World

WIPO
WORLD INTELLECTUAL PROPERTY
ORGANIZATION

**GLOBAL
INNOVATION
INDEX 2018**
Energizing the World with Innovation



Nýsköpunarkeppni Grunnskólanna

Líkt og síðustu ár tók Einkaleyfastofan þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) en hún hefur verið haldin óslitið síðan 1991. Undirbúningur fer fram í skólum landsins samhliða skólaárinu þar sem nemendur fá kennslu við að þróa verkefni á sínu áhugasviði, allt frá hugmyndum til veruleika. Þetta ferli virkjar sköpunarkraft nemenda í lausnamiðuðum hugsunarhætti og eykur sjálfstraust þeirra og frumkvæði.



NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og annarra samstarfsaðila.



European Inventor Award 2018

Í júní voru fremstu uppfinningamenn og -konur í sviðsljósinu þegar Evrópska einkaleyfastofan (EPO) greindi frá sigurvegara European Inventor Award 2018 við hátíðlega athöfn í París. Verðlaunin voru nú afhent í 13. skiptið, en þau eru veitt árlega hópi fólks sem stuðlað hefur að félags- og tækniframförum og auknum hagvexti með uppfinningum sínum.

Verðlaunahafar ársins í flokki iðnaðar voru uppfinningakonan Agnès Poulbot og uppfinningamaðurinn Jacques Barraud sem þróuðu sjálf-endurnýjandi hjólbarðasóla. Með sérstakri þrívíddarhönnun er hægt að auka endingu dekkisins og frammistöðu og á sama tíma minnka eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun. Hönnunin minnkar losun koltvísýrings um 3 tonn á hverja 100 þúsund kílómetra en dekkið er markaðssett af franska dekkjaframleiðandanum Michelin.

Í flokki rannsókna sigraði þýski lífeðlisfræðingurinn Jens Frahm fyrir hraðari segulómkönnun í rauntíma. Viðtæk notkun á segulómkönnun (MRI) sem greiningartækis hjá læknum í dag má að miklu leyti þakka uppfinningu Frahm en hann þróaði *fast low angle shot* (FLASH) skönnunaraðferðina sem hundraðfaldaði hraða segulómkönnunar og gerði hana hagnýtar fyrir klínísku notkun.



Í flokki uppfinningamanna utan EPO-landa sigraði bandaríski efnaverkfræðingurinn Esther Sans Takeuchi fyrir rafhlöður sem enduræsa hjartað. Smágerðu rafhlöður Takeuchi knúa flest ígrædd hjartastuðtæki í dag. Þau eru notuð af milljónum manns um allan heim og minnka töluvert líkurnar á hjartaáfalli með því að veita nauðsynlegt raflost. Hönnun hennar framlengdi líftíma rafhlöðunnar og fækkaði fjölda rafhlöðuskiptaáðgerða hjá sjúklingum sem voru þegar í hættu vegna hjartavandamála.



Í flokki lítilla og meðalstórra fyrirtækja sigraði írski vöruhönnuðurinn Jane ní Dhulchaointigh og teymið hennar fyrir *Sugru*, mótanlegt margnota lím sem sameinar styrk ofurlíms og teygjanleika gúmmís. Nefnt eftir írsku orðinu yfir leik, *Sugru*, þá er lím ní Dhulchaointigh afrakstur meira en 8 þúsund klukkustunda rannsóknar og þróunarstarfs.

Sigurvegarnir 2018

Iðnaður: Agnès Poulbot and Jacques Barraud (Frakkland) –

Sjálfendurnýjandi hjólbarðasólar

Rannsóknir: Jens Frahm (Þýskaland) - Hraðari segulómkönnun í rauntíma

Lönd utan EPO: Esther Sans Takeuchi (Bandaríkin) – Rafhlöður sem enduræsa hjartað

Lítill og meðalstór fyrirtæki: Jane ní Dhulchaointigh (Írland) og teymi – *Sugru*: Margnota mótanlegt lím

Sigurvegari netkosninga: Erik Loopstra (Holland) og Vadim Banine (Holland/Rússland) – Rásaprentun með ofurútfjólubláu ljósi til að búa til minni og öflugri örflugur

Heiðursverðlaun EPO (Lifetime achievement): Ursula Keller (Sviss) – Ofurhraðir púlsaðir leysigeislar

Startup Reykjavík

Í júlí tók Einkaleyfastofan þátt í nýsköpunarhraðlinum Reykjavík Startups. Starfsmenn Einkaleyfastofunnar héldu þar kynningu og vinnustofu fyrir þátttakendur um hugverkaréttindi og um það hvað frumkvöðlar þurfa að hafa í huga til að halda utan um verðmæti sem skapast í nýsköpun og hvernig hægt er að fá þau til að vaxa og dafna.



Gulleggið

Einkaleyfastofan var einn af samstarfsaðilum í Gullegginu, frumkvöðla-keppni Icelandic Startups. Gulleggið er þannig uppbyggt að keppendum er boðið upp á vinnustofur þar sem farið er yfir lykilþætti í stofnun fyrirtækja og uppbyggingu viðskiptahugmynda.

Dagný Fjóla Jóhannsdóttir, lögfræðingur og fagstjóri hjá Einkaleyfastofunni stýrði einni vinnustofu í tengslum við keppnina þar sem keppendur voru fræddir um hugverkarétt og þau tækifæri sem felast í hugverkum. Einkaleyfastofan tók einnig þátt í rýnihópi og dómnefnd keppinnar.



Fyrirmyndarstofnun ársins 2018

Einkaleyfastofan hlaut sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun ársins 2018 í flokki meðalstórra stofnana (20–49 starfsmenn) sem SFR veitir árlega. Niðurstöðurnar voru kynntar á Hilton Reykjavík Nordica við hátíðlega athöfn hinn 9. maí 2018. Þetta er í fimmta sinn sem Einkaleyfastofan er í hópi efstu stofnana í könnuninni en hún var í fyrsta sæti árið 2014 og hlaut þá nafnbótina Stofnun ársins. Sú góða einkunn sem starfsmenn Einkaleyfastofunnar hafa gefið vinnustað sínum undanfarin ár ber vitni um góðan starfsanda, öfluga starfsmannastefnu og góða stjórnun vinnustaðarins.

Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunar. Markmið könnunarinnar Stofnun ársins er nú sem áður að veita stjórnendum tæki til að vinna að úrbótum í stjórnun og starfsumhverfi og eins aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.



Metfjöldi einkaleyfaumsókna hjá Evrópsku einkaleyfastofunni

Rúmlega 174 þúsund einkaleyfaumsóknir voru lagðar inn hjá EPO árið 2018 og hafa þær aldrei verið fleiri. Þetta er aukning um 4,6% á milli ára. Tæplega helmingur allra umsókna kom frá Evrópu, flestar frá Þýskalandi, Frakklandi, Sviss og Hollandi. Utan Evrópu komu flestar umsóknir frá Bandaríkjunum eða um 25%. 13% umsókna komu frá Japan og 5% umsókna frá Kína. Þýska fyrirtækið Siemens átti flestar umsóknir einstakra fyrirtækja árið 2018 eða 2.493 umsóknir, en fast á hæla þess fylgdi kínverska fyrirtækið Huawei með 2.485 umsóknir.

Aldrei hafa fleiri einkaleyfi verið veitt hjá EPO en árið 2018. Hátt í 128 þúsund einkaleyfi voru veitt á árinu og er það 21% aukning frá fyrra ári.



Aukning í fjölda einkaleyfaumsókna


Á árinu 2018 bárust Einkaleyfastofunni samtals 57 umsóknir um einkaleyfi á tæknilegum uppfinningum frá íslenskum aðilum. Það er aukning um 54% milli ára og fara þarf aftur til ársins 2010 til að finna viðlíka fjölda umsókna. Þá áttu þrjár aðilar meirihluta umsókna en árið 2018 voru þeir 36 og aðeins einn átti fleiri en þrjár umsóknir.

Aðeins um helmingur þessara aðila hefur sótt um einkaleyfi áður hjá Einkaleyfastofunni. Umsóknirnar eru á víðu tæknisviði og sýna vel þá grósku sem er í íslenskum hugverkaiðnaði en auk þess bendir þessi aukning milli ára til ákveðinnar vitundarvakningar um mikilvægi þess að verja hugverkaréttindi. Það eru að mati Einkaleyfastofunnar mjög ánægjulegar fréttir.





Faggilding



Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/ eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem faggildur aðili í einu landi prófar, skoðar eða vottar njóti jafnframt viðurkenningar í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, starfar samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006, reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. og staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17011 (Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur). Að auki starfar ISAC eftir kröfum og leiðbeiningum samtakanna European Accreditation, þar sem sviðið er meðlimur.

European Accreditation (EA) eru samtök faggildingarstofa í Evrópu og eru sá aðili sem Evrópusambandið hefur tilnefnt til að annast samræmingu á starfsemi faggildingar í Evrópu. EA starfrækir ýmsar tækninefndir sem fulltrúar ISAC sækja fundi hjá, ásamt aðalfundum samtakanna.

Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC, faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Einnig er gott samstarf milli faggildingarsviðs og faggildingarstofa Danmerkur og Noregs og hefur sviðið aðgang að tæknilegum matsmönnum þessara stofa sem eru m.a.

sérfræðingar í ökutækjaskoðunarstofum og lyftum svo eitthvað sé nefnt. Í lok ársins voru 38 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls fimm á sviði matvæla og lögmælifræði og vottunarstofa á sviði lífrænnar framleiðslu. Þá voru 33 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur, markaðseftirlit og byggingariðnað. Tvær faggildingar voru felldar niður á árinu og alls bárust tvær umsóknir um faggildingu.

Eitt af hlutverkum faggildingarstofa er að efla samstarf milli hagaðila faggildingar sem geta ýmist verið eigendur krafna, notendur þjónustu eða samræmismatsstofur. Stórt skref í átt að því að tryggja virkt samstarf hagaðila var tekið á árinu þegar skipað var í svokallað faggildingarráð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, en ráðinu er ætlað að vera ISAC til ráðgjafar í málum er tengjast faggildingu á Íslandi og jafningjamati European Accreditation.

Í febrúar hóf nýr starfsmaður störf á faggildingarsviði og hefur það styrkt starfsemi sviðsins til muna. Unnið er af krafti að því að aðlaga starfsemi faggildingarsviðs að kröfum staðalsins ISO 17011 og öðrum reglugerðum er um starfseminu fjalla og er stefnt á að vera vel á veg komin í lok árs 2019.



Samstarf



Innlent samstarf

Einkaleyfastofan leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda hagsmunaaðila til að auka þekkingu á hugverkaréttindum, bæta þjónustu við viðskiptavinum og stuðla að aukinni og bættri notkun hugverkaréttinda á Íslandi. Stofnunin hefur því í gegnum árin efnt til margvíslegs samstarfs við aðila í iðnaði, menntun, rannsóknum, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi hér á landi enda er hugverk víða að finna. Ber þar m.a. að nefna Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Icelandic Startups.

Einkaleyfastofan leiðir einnig samstarfshóp sem hefur það markmið að auka vitund og samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum.

Í hópnum sitja fulltrúar Tollstjóra, lögreglu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Lyfjastofnunar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, STEF, Myndstef, Frísk, Neytendastofu og SFH.

Einkaleyfastofan á einnig í samstarfi við umboðsmenn hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Hún fundar reglulega með Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) og Félagi einkaleyfasérfræðinga (FEIS) til að miðla upplýsingum og tryggja að stofnunin veiti viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu.



Erlent samstarf

Einkaleyfastofan á í miklu alþjóðlegu samstarfi til að tryggja virka miðlun upplýsinga, reynslu og þekkingar á milli einkaleyfa- og hugverkastofa í Evrópu. Slík þróun verður sífellt mikilvægari á tímum heimsvæðingar þar sem viðskipti eru í síauknum mæli alþjóðleg.

Þessi vinna fer að miklu leyti fram á vettvangi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) en Einkaleyfastofan tekur virkan þátt í stjórnun stofnunarinnar sem fulltrúi eins af 38 aðildarríkjum hennar auk þess sem Einkaleyfastofan er þátttakandi í margskonar tæknilegum verkefnum sem öll miða

því að gera upplýsingar um einkaleyfi og umsóknir aðgengilegri fyrir notendur á heimsvísu. Þá hefur mikil vinna farið í samstarf á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem Ísland er aðili að.

Einkaleyfastofan á einnig í viðamiklu samstarfi á vettvangi Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO), Nordic Patent Institute (NPI), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) auk samstarfs á milli einkaleyfa- og hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.





Mannauður og rekstur



Lykiltölur úr rekstri 2018

Rekstur Einkaleyfastofunnar er um margt frábrugðinn rekstri annarra ríkisstofnana. Reksturinn er fjármagnaður með þjónustugjöldum frá þeim sem kosið hafa að vernda hugverk sín hér á landi, bæði gagnvart innlendum og erlendum aðilum. Umsvif stofnunarinnar ráðast þannig af fjölda umsókna og erinda sem koma til meðferðar hjá stofnuninni hverju sinni. Ýmsir utanaðkomandi þættir geta svo haft áhrif á fjölda umsókna, svo sem gengisþróun og aðstæður í efnahagsmálum hér á landi og erlendis.

Heilt yfir gekk rekstur Einkaleyfastofunnar vel á árinu. Fjárheimild stofnunarinnar var 475,4 m.kr. á tekjuhlíð og 505,5 m.kr. á gjaldahlíð. Reksturinn var sem fyrr segir fjármagnaður með þjónustugjöldum (rekstrartekjum) en ríkisframlag kom til vegna reksturs faggildingarsviðs. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir að tekjur myndu aukast um 10% á milli ára en niðurstaðan varð 8% hækkun. Rekstrartekjur námu alls 463 m.kr. og skiptust þannig að mestar voru tekjur vegna vörumerkja eða tæplega 66% af heildartekjum, tekjur vegna einkaleyfa voru 32%, tekjur vegna faggildingar tæplega 2% og tekjur vegna hönnunar 0,2%.

Einkaleyfastofan fær einnig í sinn hlut sértekjur sem skýrast af endurgreiðslum frá alþjóðastofnunum á ferðakostnaði og útlögðum kostnaði vegna tæknilegra samstarfsverkefna. Endurgreiðslur af þessu tagi námu tæplega 5 m.kr.

Útgjöld voru nokkuð lægri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun og skýrist það einkum af því að ekki var ráðist í endurbætur á húsnæði eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þá var kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu minni en áætlað var, einkum vegna þess að vinna við þróun nýrra gagnagrunna gekk hægar en til stóð. Heildargjöld námu 458 m.kr. og var stærsti einstaki útgjaldaliðurinn launakostnaður eða 75%.

Rekstrartekjur: 463.307.043

Sértekjur: 4.846.447

Rekstrarkostnaður: 458.153.490

Starfsfólk Einkaleyfastofunnar

Eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Stofnunin hefur á að skipa fjölbreyttum og öflugum hópi starfsmanna sem leggur sig fram um að gera góðan vinnustað betri með jákvæðni og góðum samskiptum. Meðal þess sem Einkaleyfastofan gerir til að viðhalda góðu starfsumhverfi er að leggja fyrir starfsfólk reglulegar árangursmælingar þar sem könnuð eru viðhorf starfsmanna til mismunandi þátta eins og starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og þjálfunar og þróunar. Niðurstöður þessara kannana eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur þar sem í þeim felst regluleg endurgjöf frá starfsmönnum á störf þeirra en þær eru ekki síður mikilvægar fyrir vinnustaðinn í heild því þær gefa góða mynd af upplifun starfsmannanna sjálfra.

Í árslok voru starfsmenn 36, 27 konur og 9 karlar. Meirihluti starfsmanna eru háskólamenntaðir eða 25 starfsmenn. Flestir þeirrar eru lögfræðingar, þar á eftir kemur menntun í félagsvísindagreinum og viðskiptagreinum. Meðalaldur starfsmanna var 42 ár og starfsaldur var að meðaltali 9 ár.

Meðalstarfsaldur

9 ár

Meðalaldur

42 ár



36 starfsmenn



www.els.is